


Vefrit fjármálaráðuneytisins

21. desember 2006


Tekjur og gjöld á mann hjá ríki og sveitarfélögum 1998-2005

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hafa tekjur sveitarfélaga á mann, á föstu verðlagi landsframléiðslu, hækkað úr 299 þ.kr. árið 1998 í 425 þ.kr. árið 2005. Hlutfallslega hafa því tekjur á mann hækkað um 42,5%. Hjá ríkinu hafa þessar tekjur hækkað úr 873 þ.kr. í 1.262 þ.kr fyrir sama tímabil eða um 44,6%. Þetta er sýnt á myndunum hér fyrir neðan. Gjöld á mann, á föstu verðlagi landsframléiðslu, hafa aukist hjá sveitarfélögum úr 319 þ.kr. í 439 þ.kr. á tímabilinu. Það er 37,7% hækkun. Hjá ríkinu hafa gjöldin á mann farið úr 844 þ.kr. í 1.070 þ.kr. og því hækkað um 26,8%.

Þróun tekna á mann á föstu verðlagi hjá ríki og sveitarfélögum



Þróun gjalda á mann á föstu verðlagi hjá ríki og sveitarfélögum



Ívilnanir fyrir umhverfsvæna orkugjafa og ökutæki

Á nýliðnu haustþingi voru afgreiddar frá Alþingi tvær lagabreytingar sem snúa að framlengingu ívilnana fyrir umhverfsvæna orkugjafa og ökutæki. Annars vegar var framlengd tímabundin heimild til að lækka vörugjald af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða díselolíu. Skaðleg áhrif þeirra orkugjafa á umhverfið eru mun minni en eldsneytis úr olíu en innflutningsverð slíkra bifreiða er nokkru hærra en hefðbundinna ökutækja. Hins vegar var framlengd heimild til endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts af nýjum hópferðabifreiðum sem búnar eru vélum sem uppfylla gæðastaðla um nýtingu eldsneytis og umhverfisáhrif (EUROIII). Í báðum tilvikum er um að ræða framlengingu ívilnana um tvö ár, eða til 31. desember 2008. Auk ofangreinds er fyrir hendi ákvæði í lögum um vörugjald af ökutækjum sem kveður á um að ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin

óhefðbundnum orkugjafa, svo sem raforku eða vetni, skuli vera undanþegin vörugjaldi og gildir sú undanþága til 31. desember 2008. Með þeim lagabreytingum sem samþykktar voru á nýliðnu haustþingi var því verið að samræma gildistíma allra þessara tímabundnu ívilnana sem snúa að umhverfsvænum orkugjöfum og ökutækjum, til 31. desember 2008. Fyrir þann tíma gefst svigrúm til að marka framtíðarstefnu stjórnvalda í tengslum við undanþágur frá sköttum og opinberum gjöldum fyrir umhverfsvæna orkugjafa og ökutæki.



Hver fær stærstu jólagjöfina?

Á sama tíma og meginhugmyndin að baki jólnum er andlegs eðlis er því ekki að neita að þeim fylgir núorðið talsvert veraldlegt stúss. Þetta má sjá af ýmsum opinberum tölum sem veita ófullkomna en þó upplýsandi innsýn í hátíðarhóldin. Það kemur líklega fæstum á óvart að velta í bókabúðum, hljómplötu-, skartgripa- og leikfangaverslunum og atvinnugreinum sem þessum varningi tengjast er mun meiri í kring um jólin en á öðrum árstímum. Þar getur upp undir helmingur ársveltunnar verið á síðasta skatttímabili ársins (nóv.- des.). Þannig er um margar atvinnugreinar sem tengjast jólagjöfum og jólasíðum. Engan undrar heldur að starfsemi skemmtigarða sé í nokkurri lægð á síðustu mánuðum ársins. Hið sama gildir til dæmis um starfsemi tjaldsvæða auk þess sem útleiga á gripahúsum til gistingar hefur alveg dottið niður.

Landsmenn eru töluvert með veskið á lofti í undirbúningi jólahátíðarinnar. Þó sýna hagtölur að það er goðsögn að jólahátíðin sé að miklu leyti fjármögnuð með kreditkortum. Þannig var kreditkorta-reikningur landsmanna í janúar í ár, þegar stærsti hluti jólaveitunnar frá í fyrra kom til greiðslu, um 4 milljörðum hærri en í venjulegum mánuði ársins á undan meðan debetkortin stóðu fyrir 9 milljarða útgjöldum í jólamánuðinum í fyrra umfram venjulegan mánuð. Því virðist mega draga þá ályktun að kreditkortin standi einungis fyrir um þriðjungi af viðbótarútgjöldum heimilanna vegna jólaanna. Kortaklappir hefur á undan- förnum árum verið að lauma sér inn í hóp gömlu jólasveinanna undir því yfirsýni að hann hrelli almenning ein og hinir. Þessar upplýsingar benda til þess að eins fari fyrir honum og Plúto meðal reikistjarnanna, að hann verði lækkaður í tign og gerður að aukvísu.



Engu að síður fylgja jólnum jafnan mikil umsvif. Markaðurinn reynir að geta sér til um umfang þeirra og lærdar rannsóknastofnanir reyna meira að segja að spá fyrir um vinsælustu jólagjöfina. Þetta er væntanlega gert til að minnka óvissu en hún dregur úr hagvexti. Hvort minni óvissa er eins vinsæl hjá þeim sem gjafirnar fá er hins vegar ekki vitað.

Jólagleði og jólagjafagleði landsmanna draga vissulega björg í bú fyrir ríkissjóð þannig að þó hann fái kannski ekki vinsælustu jólagjöfina þá fær hann allavega þá stærstu. Það gerir honum mögulegt að sinna af krafti þeim mikilvægu samfélagslegu verkefnum sem honum eru falin enda sælla að gefa en þiggja.

Vefritið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Næsta vefrit kemur út 4. janúar 2007.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Skatttekjur og trygg.gjöld	20,8	11,8
Skattar á tekjur og hagnað	27,3	19,9
Eignarskattar	7,2	-37,0
Skattar á vöru og þjónustu	19,8	10,3
Tryggingagjöld	15,7	16,6
Tekjur alls	47,2	-8,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-október		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Almenn opinber þjónusta	35,8	-23,0
Heilbrigðismál	6,7	7,5
Alm.trygg. & velferðarmál	5,0	4,2
Efnahags- og atvinnumál	-3,7	2,3
Menntamál	16,3	12,2
Gjöld alls	10,0	0,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-október		
Milljónir króna	2005	2006
Handbært fé frá rekstri	20.294	48.791
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	68.671	46.785
Afborgun lána	-61.557	-41.565
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	3.814	1.921
Lántökur	9.048	25.961
Greiðsluafkoma	12.862	27.882

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Verðbólga (des.)	4,1	7,0
Kjarnaverðbólga (des.)	4,6	7,0
Launavísitala (nóvember)	7,3	10,5
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,6	1,1